


Matvælastofnun  
Halldór Runólfsson,  
Yfirdýralæknir  
Austurvegi 64  
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. desember 2012  
Tilvisun: UST20121000019/kg

## Áhrif af flúormengun í Reyðarfirði

Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa undanfarið borist gögn um aukringu á flúor í gróðri og búfé í Reyðarfirði. Umhverfisstofnun vísar til tölvupósta fulltrúa Alcoa Fjarðaáls dags. 23. nóvember, 3., 10. og 11. desember sl., með niðurstöðum greininga á flúor í grænmeti og korni, athugunum dýralæknis á búfé í Reyðarfirði, niðurstöðum mælinga á flúor í sláturfé af bænum Sléttu í Reyðarfirði og greiningu dýralæknis á ástandi tanna og beina í fínu.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir upplýsingum frá Matvælastofnun hvort umrædd gögn kalli á viðbrögð vegna heilnæmis fóðurs, hollustu matvæla eða dýraheilbrigðis. Óskað er eftir upplýsingum um hvort takmarka þurfi eða banna neyslu á heyi úr Reyðarfirði, hvort skaði hafi orðið á skepnum vegna aukins styrks flúors í grasi á svæðinu, og hvort neysla grænmetis eða korns af svæðinu teldist hafa skaðleg eða væri óæskileg vegna þessa.

Óskað er eftir því, ef unnt er, að svar berist Umhverfisstofnun fyrir 8. janúar nk.

Virðingarfyllst

Kristján Geirsson  
deildarstjóri

Ólafur K. Tryggvason  
verkfræðingur

Meðf.: Flúorrannsóknir í grasbítum  
Greiningar F í grænmeti og korni  
Greiningar á F í kjálkum  
Skoðun á ástandi kjálka

Iðavellir 30.nóv 2012

## Eftirlitsskýrsla

**Efni:** Skoðun dýralæknis á grasbítum á svæði með gildum yfir viðmiðunarmörkum flúors í grasi, samkvæmt reglugerð 340/2001 um óæskileg efni í fóðri.

**Dags:** 16. Nót 2012

**Framkvæmt** af Freydísi Dönu Sigurðardóttur, dýralækni, aðstoðarmaður Erlín Emma Jóhannsdóttir, Náttúrustofu Austurlands.

**Staður:** Slétta, Áreyjar og hesthúsasvæði á Reyðarfirði.

### Inngangur

Undirrituð var beðin að framkvæma skoðun á grasbítum sem voru á landsvæði sem var með flúorgildi yfir viðmiðunarmörkum sumarið 2012. Náttúrustofa Austurlands bað um skoðunina vegna eftirlits með svæðinu.

Haft var samband við grasbítaeigendur á áðurnefndu svæði og þeir heimsóttir sem höfðu aðgengileg dýr, sem höfðu mögulega eða staðfest gengið á áhættusvæði vegna flúorgilda yfir viðmiðunarmörkum.

Alls voru skoðaðir 30 gripir, þ.a. 24 kindur, 5 hross og 1 kálfur. Af kindunum voru 4 veturgamlar og 20 lömb, sem skiptust í 10 sláturlömb, sem slátra á fyrir jól og 10 lífgimbrar. Hrossin skiptust þannig að þar voru 2 folold, 1 veturgamalt trippi, 1 þriggja vetra trippi og ein hryssa á sjötta veturn sem var nýlega veik.

Þegar átti að velja gripi til skoðunar voru skilyrðin á þá vegu, að fyrst og fremst voru valdir gripir sem vitað var að höfðu verið á beit á áhættusvæði. Einnig var rætt við eigendur hvort þeir hefðu orðið varir við einhver sérstök einkenni hjá dýrum á svæðinu, en það átti bara við um einn grip.

Öll hrossin sem skoðuð voru höfðu verið á beit á svæðum með hækkuðum gildum og öll nema eitt voru auk þess á aldri þar sem tannskipti fara enn fram. Þetta eina eldrahross var valið þar sem það hafði sýnt afbrigðileg hrossasóttareinkenni í september.

Kálfurinn var á tannskiptaaldri, fæddur fyrir u.þ.b. 12 mánuðum og var á beit á áhættusvæði sumarið 2012.

Veturgömlu kindurnar voru valdar þar sem eigandi sagði þær hafa verið á beit á áhættusvæði í sumar. Lífgimbrar voru valdar af handahófi úr 60 gripa hópi og sláturlömbin voru valin úr 25 gripa hópi. Kindur munu allar fá aðgang að saltsteini nú í desember og í vor er reiknað með að

Gripur, nafn/númer/tegund	Tennur/glerungur	Kjálkar	Liðir,klaufir hófar	Holdamat	annað	Mynd nr.
346	Blettur í skoru á báðum l4.	Á.a	Á.a	2,8		22
1182	Eyðing á tönn l3 á millitanna	Á.a	Á.a	3		23
1123	Gl.glansandi og heill	Á.a	Á.a	3		24
Kvikur hross f. 2011	Tennur og gl. engar athugasemdir	Á.a	Á.a	3.5		25,26
Pegasus hross f 2009	Blettur á l3, annars á.a	Á.a	Á.a	3.8		27
Kálfur 437	Tennur og gl. á.a	Á.a	Á.a	2,5		28
Folald Hans	Tennur brúnleitar,röndóttar	Á.a	Á.a	2,8	Sár tannholdi undir 301	29
Folald Sigurbjörn Fætt júní	Tennur brúnleitar, röndóttar	Á.a	Á.a	2,5	**	30
Dóróthea	Tennur á.a.	Á. a	Á.a	2,5		31,32

\* Jaxlar voru skoðaðar án athugasemda. Fékk barksterameðhöndlun sem hjálpaði ekki, gimbrin var aflífuð skömmu síðar. Bóni skoðaði hana sjálfur að innan og fann gula fitu, og ljósa þykka lifur.

\*\* Lítillsháttar blæðing kom frá sári sem skapaðist vegna óvarkárar meðhöndlunar við föngun folalda.

## Niðurstaða

Engar breytingar sáust á klaufum eða hófum og ekki sást heldi. Tvö lömb þóttu útskeif, en talið er að það megi rekja til arfgerðar eða uppeldis, þó annað sé ekki útilokað. Bólgin sár (orf) sáust á vörum nokkura lamba vegna veiru sem nær sér oft á strik í lömbum á þessum aldri, stundum vegna svekkts ónæmiskerfis. Á einu lambi var annað kjálkabarðið breiðara en hitt sem getur átt sér fleiri skýringar t.d. jaxlaskipti. Tennur flestra dýranna voru að mestu leiti nokkuð heilbrigðar að sjá, þó vissulega væru undantekningar. Að svo stöddu er of snemmt að rekja ástæður þessara undantekninga. Ekki er hægt að benda á bein eða skyndileg eitrunaráhrif flúorinntöku, enda gaf magn flúors í grasi kannski ekki ástæðu til þess. Þó er ekki hægt að útiloka að það hafi átt sér stað í tilviki hrossasóttar Dórótheu, en ein grein sýndi möguleg tengsl þarna á milli ([http://www.fluorideresearch.org/413/files/FJ2008\\_v41\\_n3\\_p177-183.pdf](http://www.fluorideresearch.org/413/files/FJ2008_v41_n3_p177-183.pdf)).

Vitað er að áhrif hækkaðra flúorsgilda í líkama dýra gætir oft eftir langan tíma og geta því átt eftir að koma fram ([http://www.keldur.is/ahrif\\_oskufalls\\_bupening](http://www.keldur.is/ahrif_oskufalls_bupening), Eggert Gunnarsson, dýralæknir (20.04.2010)). Vegna þessara langtímaáhrifa og þar sem þessi skoðuðu dýr eru enn að taka inn hækkað magn af flúori í heyi, þó það sé um eða undir viðmiðunarmörkum, er full ástæða til að fylgjast með þessum dýrum áfram, skoða þau aftur og mæla flúor í þeim gripum sem verður slátrað. Einnig eru fleiri gripir í áhættuhóp sem ekki náðist til í þessari skoðun.



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Alcoa Fjarðaál  
Guðmundur Sveinsson  
Hrauni 1  
730 Reyðarfjörður

Neskaupstað, 22. nóvember 2012

### Efni: Flúoríðgildi í grænmeti og korni sumarið 2012

Rabarbara, bæði stilkum og blöðum, var safnað á 8 sýnatökustöðum, hálfsmánaðarlega frá júní til ágúst. Í einni sýnatökuferð var ekki hægt að safna sýnum af sýnatökustað V1 bar sem búið var að taka allan rabarbarann. Alls var 94 sýnum safnað í sex söfnunarferðum af rabarbara<sup>1</sup>. Kartöflugrösum og kartöflum var safnað einu sinni á þremur sýnatökustöðum þann 29. ágúst 2011. Alls var 6 sýnum safnað í einni sýnatökuferð af kartöflum og laufblöðum þeirra. Sýnum af kartöflum var skipt í tvennt, annars vegar voru sýni þar sem kartöflur voru afhýddar og hins vegar þar sem kartöflur voru með hýðinu á. Einu sýni var safnað af grænkáli við Teigagerði (V2) þann dag. Sýnum af blaðsalati, graslauk og hindberjum var safnað inn í bænum á Reyðarfirði þann 8. október. Einnig var repju, byggi og höfrum safnað frá Áreyjum sama. Öll sýni af grænmeti voru skoluð með kranavatni áður en þau voru þurrkuð í ofni við 80°C í 24 klst áður en þau voru send til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til efnagreiningar. Flúoríð var mælt í öllum sýnum. Þungmálm voru mældir í síðustu sýnum af rabarbara og í kartöflum bæði hýðislausum og með hýði. Niðurstöður þungmálma hafa hins vegar ekki borist.

Flúoríð í laufblöðum rabarbara mældist frá 19-235 µg/g en 0-10 µg/g í stilkum sumarið 2012 í Reyðarfirði (Tafla 1). Mesti styrkur flúoríðs í rabarbarablöðum mældist fyrri hluta ágúst á sýnatökustað V3 sem er við Sómastaði, en minnsti styrkur flúoríðs mældist seinni hluta júní og fyrri hluta júlí á sýnatökustöðum V13 og V2 en þeir eru inn í bænum á Reyðarfirði. Flúoríð í stilkum mældist í öllum tilvikum nokkuð lár, hæsta gildið mældist seinni hluta ágúst á sýnatökustað V3 við Sómastaði. Ársmeðaltal flúoríðs í laufblöðum rabarbara hækkaði milli áranna 2011 og 2012 en var svipað og árin 2009 og 2010 (Mynd 1). Þótt gildi flúoríðs í rabarbaralaufum séu há þá mælist lítill styrkur flúoríðs í stilkum.



Tafla 2. Styrkur flúoríðs ( $\mu\text{g/g}$ ) í kartöflulaufum og kartöflum haustið 2011 og kartöflugrösum og kartöflum með og án hýðis haustið 2012 á 3 sýnatökustöðum (V1, V7 og V2).

Ár	2011		2012		
	Lauf	Kartafla	Lauf	Kartafla hýði	kartafla án hýðis
V1	48	<5	46	3	3
V7	76	<5	32	2	3
V2	85	<5	43	4	3

Gildi flúoríðs í grænkáli mældist  $16 \mu\text{g/g}$  og var bakgrunnsgildi árið 2004  $<3 \mu\text{g/g}$ . Flúoríð í graslauk mældist  $15 \mu\text{g/g}$  og  $13 \mu\text{g/g}$  í blaðsalati, ekkert flúoríð mældist í hindberjum.

Niðurstöður á styrk flúoríðs í korni sem ræktað var á Áreyjum sumarið 2012 voru eftirfarandi: repja  $0,9 \mu\text{g/g}$ , hafrar  $0,7 \mu\text{g/g}$  og bygg  $0,3 \mu\text{g/g}$ .

Ekki eru til nein viðmið hér á landi um hámarksstyrk flúoríðs í grænmeti sem ætlað er til manneldis.

Erlín Jóhannsdóttir  
 Náttúrustofa  
 Austurlands  
 Mýrargötu 10  
 740  
 Neskaupsstaður

Verkefni nr.: **6EM12010**

Heiti verkefnis:  
**Fjarðaál**  
 Umhverfisvöktun

Dags.: 10.12.2012

Umsjón verkefnis: **Kristmann Gíslason**

Afrit:

Sýni: 11 beinsýni/Náttúrustofa Austurlands

Erlín Jóhannsdóttir/Ólöf

Fulltrúi verkkauppa: **G. Sigurðardóttir**

Reikn.nr.

Mótttekið:

Skyrsla má ekki nota í auglysingsaskýrni né birta á annan hátt án skriftegðar heimildar Nýsköpunar miðstöðvar Íslands. Þarf er á ábyrgð hess er stofnunin hefur afhent skyrmuna. Skyrsla má eru til í heili lagi. Geymslumá sýna er 3 mánuðir frá dagsetningu skyrslu nema um annað sé saman. Niðurstöður eiga eru ungs við þróuð sýni.

Niðurstöður úr mælingum á beinsýnum 2012 eru eftirfarandi:

Númer	Fylginúmer	Slátturd.	Bær	hvað	Ath.	komudagur	F- [ug/g]	
A001	SHS1-1012	2.okt	Sléttta	full. Ær (2005 ?)	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>3069</b>
A002	SHS2-1012	2.okt	Sléttta	veturg. Hrútur	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>1845</b>
A003	SHS3-1012	2.okt	Sléttta	6. vetra	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>3274</b>
A004	SHS4-1012	2.okt	Sléttta	veturg. Hrútur	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>1425</b>
A005	SHS5-1012	2.okt	Sléttta	4. vetra	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>2923</b>
A006	SHS6-1012	2.okt	Sléttta	veturg.	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>1051</b>
A007	SHL1-1012	20.okt	Sléttta	lamb	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>1570</b>
A008	SHL2-1012	20.okt	Sléttta	lamb	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>889</b>
A009	SHL3-1012	20.okt	Sléttta	lamb	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>847</b>
A010	SHL4-1012	20.okt	Sléttta	lamb	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>810</b>
A011	SHL5-1012	20.okt	Sléttta	lamb	óhreinsaðir kjálkar	frosið	31.okt	<b>1253</b>

Greiningaraðferð – Bein eru hituð upp að 600 °C, tennur fjarlægðar og sýni móluð. Móluð sýni eru þá leyst upp í 0,5 M HNO<sub>3</sub>, sýni þynnt með vatni og blönduð við TISAB buffer. Flúorinnihald sýnalausna er svo ákvarðað með flúorsértækri elektróðu.

## *Vöktun á áhrifum flúors á kjálka sauðfjár fyrir Alcoa Fjarðaál - Reyðarfjörður*

### TILGANGUR

1. Skoða kjálka úr sauðfé með tilliti til sýnilegra ábendinga um áreitni af völdum flúors á tennur og bein.
2. Mæla flúormagn í kjálkabeinum.

### AÐILAR

Verkþáttur	Stofnun	Starfsaðilar
Móttaka og skráning	Tilraunastöð HÍ, Keldur	Ómar Runólfsson
Tilreiðsla sýna	Tilraunastöð HÍ, Keldur	Ómar Runólfsson
Skoðun kjálka	Tilraunastöð HÍ, Keldur	Ólöf G. Sigurðardóttir
Skyrslugerð	Tilraunastöð HÍ, Keldur	Ólöf G. Sigurðardóttir
Flúormælingar	Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Keldnaholti	Kristmann Gislason
Verkefnastjórn	Náttúrustofa Austurlands	Erlín Jóhannesdóttir

### SÝNI

Mótteknir voru 11 kjálkar af fé frá bænum Sléttu þann 31. október 2012. Hausarnir voru af 6 fullorðnu fé, aldur frá 1-7. vетra, og 5 lömbum (sjá töflu 1). Fullorðnu fé var slátrað 2. október og lömbum þann 20. október.

Allir kjálkar voru skoðaðir nánar m.t.t. breytinga í tönnum og kjálkabeinum. Magn flúors var mælt í kjálkabeinum og lá niðurstaða fyrir úr þeim mælingum þann 10. desember.

### NIÐURSTÖÐUR

Helstu breytingar sem sáust í kjálkabeinum og í tönnum, ásamt flúorinnihaldi í kjálkabeinum er að finna í töflu 2.

Ekki sáust greinilegar breytingar í tönnum eða í kjálkabeinum sem bentu til flúoreitrunar. Elstu kindurnar voru með vægt slit á jöxlum og ein þeirra var með væga þykknun í kjálkabeini (bein- og mergsbólga).

Flúorinnihald var almennt há, bæði í fullorðnu fé og í lömbum. Tvær elstu kindurnar (A 001 og A 003) voru með flúormagn > 3.000 µg/g beinaska og tvö lömb (A 007 og A 011) voru með flúormagn > 1000 µg/g beinaska.